

Skráning í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands

Stutt greinargerð

Verkefnið snéri að því að gera efni um fornleifar sem skráðar hafa verið í skýrsluformi aðgengilegar fyrir verkefnastjórn Rammaáætlunar á landfræðilegum gagnagrunni í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands. Í því fólst að skilgreina landfræðilega í vefsjónum, það svæði sem skráð var og slá inn ítarupplýsingar um verkefnið, svo sem höfund, ártal og aðferð við skráningu. Þar fær verkefnið ID númer sem er tengt við landfræðilegan gagnagrunn stofnunarinnar sem og notað í Excel skjali þar sem haldið er utan um skýrslufjölda og upplýsingar um þær. Einnig var pdf-skrá af skýrslu, þar sem hún var til staðar, hlaðið upp í vefhýsingu og tengill á slóð skýrslu tengdur við hvert verkefni.

Í flestum skýrslunum, sérstaklega þeim sem ritaðar hafa verið á síðustu árum, var kort sem sýndi staðsetningu skráningarsvæðisins og auðveldaði það mikið vinnuna við að skilgreina svæðið í vefsjónum. Ef um lítið, vel skilgreint svæði var að ræða var oftast hægt að teikna skráningarsvæðið eins og það kom fyrir beint í vefsjónum. Ef um stærri flóknari svæði var að ræða, reyndist mun auðveldara að teikna það í landfræðilegu upplýsingarkerfi þar sem öll vinna var mun auðveldari. Þetta á t.d. við um svæði sem ná yfir stór svæði, svo sem heilar jarðir, jafnvel fleiri en ein í sama skráningarverkefni. Einnig þegar um línulagnir var að ræða og þurfti þá að skilgreina t.d. 50 m áhrifasvæði út frá ákveðinni línu. Í einhverjum tilfellum þurfti svo að styðjast við önnur ítagögn, svo sem fláka úr nytjalandsgrunni, upplýsingar úr Skipulagssjá eða jafnvel örnefnaþekju. Var slík vinna unnin í landfræðilegu upplýsingakerfi en síðan sameinað við það svæði sem skráð var í vefsjónum. Þannig heldur ID númerið sér og allar ítarupplýsingar. Í einhverjum tilfellum voru engin kort til staðar í skýrslum en þá var oft hægt að styðjast við lýsingar í texta á svæðinu en skráning slíkra verkefna var þó töluvert seingerðari en annarra þar sem skráningarsvæði var sýnt skilmerkilega á korti.

Upplýsingar voru uppfærðar í Excel skjalinu jafnóðum og verkefnum var bætt inn í vefsjónum. Þannig var einfalt að halda utan um þann aukna fjölda á verkefnum sem voru skilgreind í vefsjónum og þeim skýrslum sem var hlaðið upp.

Í upphafi verkefnisins höfðu 502 verkefni verið skilgreind í vefsíðunni. Þann 15. mars var staðan sú að 970 verkefni höfðu verið skráð inn. Hér að neðan má sjá töflu með upplýsingum um fjölda verkefna.

	Í byrjun verkefnis	15. mars	Aukning
Fjöldi verkefna	502	970	468
Skýrslur á vef	450	906	456

Hér sést að aukning á skráðum verkefnum er 468 og aukning á skýrslum sem hefur verið hlaðið upp er 456. Ýmsar skýringar geta verið á því að aukinn fjöldi á skýrslum er ekki sá sami og aukinn fjöldi á verkefnum, í einhverjum tilfellum eru rafræn eintök t.d. ekki til staðar hjá Minjastofnun og í einhverjum tilfellum á einfaldlega eftir að hlaða upp pdf-skjalinu. Hér að neðan má sjá þau verkefni sem skráð höfðu verið áður en verkefnið hófst, 502 stk merkt með grænleitum lit. Gulleit svæði eru þau sem bæst hafa við á síðustu mánuðum.

